

2. gr.

Aukavarnarlínur.

Aukavarnarlínur sauðfjárvarnarsvæða eru:

- 2.1. Ytri-Rangá.
- 2.2. Hvítá í Árnassýslu að Brúará.
- 2.3. Andakílslína: Úr Andakíl í Skorradalsvatn og Reyðarvatn í Hvalfjarðarlínu.
- 2.4. Hvítá í Borgarfirði frá Bjarnastöðum.
- 2.5. Dalalína nálægt suðurmörkum Dalasýslu.
- 2.6. Blanda.
- 2.7. Héraðsvörn — Jökulsá eystri.
- 2.8. Skjálfandafljót.
- 2.9. Lagarfljót.
- 2.10. Gæsafjallalína á norðurmörkum Skútustaðahrepps.
- 2.11. Hamarsá í Hamarsfirði.

3. gr.

- 3.1. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. apríl 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ**um sæðingar loðdýra.**

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1. Loðdýraræktarfélag eða einstaklingar sem hafa í hyggju að setja á stofn sæðingarstöð skulu senda um það umsókn til landbúnaðarráðuneytisins sem veitir heimild til starfrækslu hennar að fenginni umsögn yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Í leyfi ráðuneytisins skal kveðið á um starfssvæði sæðingarstöðvar.

2. gr.

- 2.1. Þeim einum sem aflað hafa sér þekkingar og þjálfunar á námskeiði í sæðingu loðdýra, sem viðurkennt er af stjórn Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralækni, er heimilt að stunda sæðingar loðdýra og sæðistöku.
- 2.2. Samband íslenskra loðdýraræktenda skal standa fyrir námskeiðum í sæðingum loðdýra. Umsókn um þátttöku á námskeiðum skulu fylgja meðmæli frá stjórn loðdýraræktarfélags í viðkomandi héraði. Dýralæknir sá sem veitir námskeiðinu forstöðu skal veita þátttakendum skriflegt leyfisbréf, enda hafi þeir að hans dómi náð viðhlítandi árangri. Í leyfisbréfi skal tilgreint um hæfni viðkomandi, hvar hann hafi heimild til að starfa og hve lengi leyfi hans til sæðinga á loðdýrum gildi.

3. gr.

Sæðingarstöðvar.

- 3.1. Með sæðingarstöð er í reglugerð þessari átt við loðdýrabú þar sem höfð eru í vörslu karldýr í þeim tilgangi að taka úr þeim sæði til sæðingar og loðdýrabú eða önnur húsakynni þar sem sæðing fer fram.

4. gr.

- 4.1. Sæðistaka og sæðing loðdýra skal fara fram í sérstökum herbergjum sem eru eingöngu ætluð til þeirra nota þann tíma sem þessi starfsemi fer fram.
- 4.2. Á stöðum þar sem fram fer bæði sæðistaka og sæðing skal þessi starfsemi fara fram aðskilin frá hvor annarri.

5. gr.

- 5.1. Í sæðistöku- og sæðingarherbergi skulu gólf og veggir vera þannig að auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa. Í herberginu skal vera upphitun þannig að hitastig geti verið 18—24°C, heitt og kalt vatn, niðurfall í gólfi, aðstaða til handþvotta, rafmagn, hitaplata, vinnuborð fyrir smásjá, pappírshandþurrkur og sérstakur sæðingarbekkur sem auðvelt er að þrifa. Við inngöngudyr skal vera aðstaða til fata- og skóskipta og búnaður fyrir sótthreinsun á skófatnaði.
- 5.2. Sæðistöku- og sæðingarherbergi skulu vera vel hljóðeinangruð og þannig staðsett að sú starfsemi sem þar fer fram verði fyrir sem minnstu ónæði.

6. gr.

- 6.1. Á sæðingarstöð skulu vera sérstök hlífðarföt fyrir þá sem starfa við stöðina. Sömuleiðis skulu þeir sem koma með dýr í sæðingu klæðast sérstökum hlífðarfötum og skóm eða sótthreinsa skófatnað sinn rækilega fyrir og eftir dvöl í sæðingarherbergi.

7. gr.

- 7.1. Á sæðingarstöð skal vera afdrep fyrir þá sem koma með dýr til sæðingar sem og fyrir dýr þeirra (biðstofa).
- 7.2. Óheimilt er að halda hunda og ketti í loðdýrabúum þar sem sæðingarstöð er til húsa.

8. gr.

Val karldýra.

- 8.1. Einungis má nota sem sæðisgjafa karldýr sem að mati héraðsdýralæknis eru heilbrigð. Áður en karldýr eru tekin í notkun skal fara fram á þeim ítarleg heilbrigðisskoðun sem sérstaklega tekur til getnaðarfæra. Jafnframt skal héraðsdýralæknir kanna heilbrigði á þeim búum sem karldýrin koma frá og má ekki hafa orðið vart smitnæmra sjúkdóma á þessum búum síðustu 18 mánuðina (hundafár, smitandi heila- og lifrabólga, refavanki, maurakláði o. s. frv.). Áður en sæðistaka hefst skal senda Tilraunastöðinni á Keldum blóðsýni úr öllum refum sem fyrirhugað er að nota til mælinga á mótrefnum gegn refavanka (nosematosis).
- 8.2. Óheimilt er að nota karldýr sem sæðisgjafa á sæðingarstöðvum, ef leitt hefur verið undir þá sama ár. Karldýr sem notuð eru á sæðingarstöð skulu hafa hlotið viðurkenningu loðdýraræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.
- 8.3. Sala á sæði út fyrir starfssvæði viðkomandi sæðingarstöðvar er óheimil án sérstaks leyfis yfirdýralæknis.

9. gr.

Framkvæmd sæðingar.

- 9.1. Einungis má koma með til sæðingar heilbrigðar læður frá búum þar sem ekki hefur orðið vart smitnæmra sjúkdóma síðustu 18 mánuðina (hundafár, smitandi heila- og lifrabólga, refavanki, maurakláði).

- 9.2. Sæða má læður frá sama búí án þess að sóttthreinsun á sæðingarbekk fari fram á milli einstakra dýra. Áður en læður frá öðru búí eru sæddar skal þrifa sæðingarbekkinn vandlega og sóttthreinsa, t. d. með því að fara yfir hann allan með gasloga.
- 9.3. Í lok hvers vinnudags skal þrifa rækilega og sóttthreinsa áhöld, biðstofu, sæðistöku- og sæðingarherbergi, sæðingarbekki og vinnuborð.

10. gr.

Skýrsluhald.

- 10.1. Öllum karldýrum á sæðingarstöð skal gefið númer sem ákveðið er af Búnaðarfélagi Íslands. Halda skal skrá fyrir hvert einstakt karldýr yfir allar sæðistökur og gæði sæðis (magn, þéttleika, lífsþrótt sæðisfruma). Skýrslum skal skilað inn til Sambands íslenskra loðdýraræktenda og Búnaðarfélags Íslands fyrir 20. júlí ár hvert.
- 10.2. Þeim læðum sem komið er með til sæðingar skulu fylgja útfyllt búrkort.
- 10.3. Sæðingarmaður heldur nákvæma skýrslu á þar til gerðum eyðublöðum yfir allar sæðingar. Hann skal safna niðurstöðum um árangur sæðinganna og hvolpafjölda hjá hverri sæddri læðu og senda Sambandi íslenskra loðdýraræktenda og Búnaðarfélagi Íslands fyrir 20. júlí ár hvert.

11. gr.

Heilbrigðiseftirlit og sjúkdómavarnir.

- 11.1. Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sæðingarstöðvum. Skulu þeir fyrir hverja fengitíð fullvissa sig um að stöðvarnar uppfylli öll skilyrði um aðstöðu og útbúnað og er óheimilt að hefja sæðingar fyrr en skoðun hefur farið fram.
- 11.2. Áður en fengitíð hefst ár hvert skal héraðsdýralæknir kanna heilbrigði dýra á viðkomandi sæðingarstöð, taka nauðsynleg sýnishorn o. þ. h. og er skylt að sjá honum fyrir aðstoð og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru og óskað er eftir.
- 11.3. Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með þrifnaði og hreinlæti á sæðingarstöð og skal hann veita starfsmönnum leiðbeiningar um smitgát, sóttthreinsun og sóttvarnir, eftir því sem þörf krefur.
- 11.4. Veikist dýr sem notað er á sæðingarstöð, skal þegar í stað gera héraðsdýralækni aðvart, og er óheimilt að nota dýrið fyrr en dýralæknir gefur leyfi til þess.
- 11.5. Komi upp næmur sjúkdómur á búí þar sem sæðingarstöð er til húsa eða á starfsvæði sæðingarstöðvar, þannig að hætta sé á að sjúkdómurinn geti breiðst út vegna starfsemi sæðingarstöðvarinnar, er héraðsdýralækni heimilt í samráði við yfirdýralækni að takmarka eða stöðva sæðingar.
- 11.6. Komi upp rökstuddur grunur um að dýr á sæðingarstöð sé haldið næmum sjúkdómi, skal einangra það svo lengi sem þurfa þykir. Telji héraðsdýralæknir nauðsynlegt að lóga dýri sem þannig sýkist, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins eða vegna þess að sterkar líkur séu fyrir því að dýrið nái ekki bata, má skjóta málinu til úrskurðar yfirdýralæknis. Sérstök rannsókn skal látin fara fram á dýrum sem lógað er af þessum ástæðum.

12. gr.

Refsiákvæði.

- 12.1. Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 53 29. maí 1981 um loðdýrarækt. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.
- 12.2. Ítrekuð, alvarleg brot af ásetningi eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa réttindamissi til að reka sæðingarstöð.

13. gr.

Gildistaka.

- 13.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 53 29. maí 1981 um loðdýrarækt, lögum nr. 77 1. október 1981 um dýralækna og búfjárræktarlögum nr. 31 24. apríl 1973, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.
- 13.2. Ákvæði reglugerðar um búfjársæðingar nr. 226 13. ágúst 1969 gilda ekki um sæðingar loðdýra skv. þessari reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. apríl 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 445 29. október 1986
um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða
verðlagsárið 1987–1988.**

1. gr.

3. tl. 7. gr. orðist þannig:

Þá skal engum framleiðanda sauðfjárafurða ætlaður meiri fullvirðisréttur en nemur innleggi hans innan búmarks það verðlagsáranna 1984/1985 og 1985/1986, er innleggið var meira, sbr. þó 9. gr. Til innleggs skal einnig reikna staðfesta líflambasölu framleiðanda, enda hafi hann selt a. m. k. 10 líflömb hlutaðeigandi verðlagsár. Framangreinda hámarks-tölu er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að lækka, hafi framtöldum sauðkindum hlutaðeigandi framleiðanda skv. forðagæsluskýrslu fækkað um meira en 20% frá hausti 1983 til hausts 1985, enda hafi þær verið fleiri en 100 haustið 1983. Skal þá lækka hámarkstöluna um eina ærgildisafurð fyrir hverja sauðkind, sem um hefur verið fækkað umfram áður nefnd 20%.

2. gr.

9. gr. orðist þannig:

Fullvirðisrétti sem ekki er ráðstafað skv. 8. gr. er viðkomandi búnaðarsambandi heimilt að ráðstafa til framleiðenda sem um það sækja og uppfylla einhver eftirtalinnu skilyrða:

1. Framleiðendur sem orðið hafa fyrir einstaklingsbundnum áföllum í sauðfjárrækt, svo sem vegna sauðfjársjúkdóma og annarra orsaka, þannig að innlegg þeirra á verðlagsár-unum 1984/85 og 1985/86 eftir ásettan fjárstofn telst vera óeðlilega lítið miðað við afurðir næstu tvö verðlagsár á undan.
2. Framleiðendur sem framleiddu minna en 400 ærgildisafurðir mjólkur og sauðfjárafurða verðlagsárið 1985/1986 og höfðu meirihluta tekna sinna af mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt skv. síðasta skattframtali.
3. Framleiðendur sem tekið hafa í notkun ný fjárhús og/eða hlöður, stækkuð fjárhús eða endurnýjuð að meirihluta eftir 1. september 1983 eða stofnað til félagsbús eftir 1. janúar 1983.
4. Framleiðendur sem teljast frumbýlingar, þ. e. hafa hafið búskap eftir 1. janúar 1983.